

umrætt sinn, telur stefnandi nema kr. 2855.58. Hefur stefndi engum andmælum hreyft gegn fjárhæð þeirri, og verður hún því lögð til grundvallar í málinu.

Sámkvæmt framangreindu ber stefnda að bæta stefnanda $\frac{3}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 1903.72, sem hann verður dæmdur til að greiða með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi Arinbjörn Jónsson greiði stefnanda Jósef Eggertsyni kr. 1903.72 með 5% ársvöxtum frá 22. marz 1946 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. marz 1948.

Nr. 110/1947. **Jón Ingimundarson f. h. ófjárráða sonar síns, Halldórs Ingimundar**

(Hrl. Ragnar Jónsson)

gegn

Ásbirni Magnússyni og gagnsök

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. október 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13 458.25 með 6% ársvöxtum frá 13. október 1946 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 25. október 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara lækkunar á hinni dæmdu fjárhæð. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, bar gagnáfrýjanda að gæta sérstaklega mikillar varkárni, er hann ók fram með opnum dyrum sláturhússins og fram hjá bifreið, er stóð þar kyrr milli dyra. Þessarar skyldu sinnar gætti hann ekki nægilega. Þá braut hann og ákvæði 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að skýra ekki lögreglu frá slysinu. Leiddi það til þess, að rannsókn málsins varð mjög ófullkomin, en gagnáfrýjandi verður að bíða halla af skorti á gögnum af þeim sökum, sbr. einnig 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar má rekja orsök slyssins að nokkru leyti til hegðunar drengsins Halldórs Ingimundar. Samkvæmt þessu þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi bæti tjón af slysinu að $\frac{3}{5}$ hlutum.

Koma þá til athugunar einstakir kröfuliðir aðaláfrýjanda.

1. og 2. kröfuliðir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina að fullu.

3. og 4. kröfuliðir þykja hæfilega ákveðnir kr. 1500.00 og kr. 4000.00, eins og gert er í héraðsdómi.

Rétt þykir að taka til greina bætur samkvæmt 5. kröfulið og meta þær kr. 450.00.

Hæfilegt þykir að ákveða bætur samkvæmt 6. kröfulið kr. 1200.00.

Samkvæmt framansögðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 444.95 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags.

Þá ber og að dæma gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 2420.00. Þar af greiðast kr. 120.00 til ríkissjóðs og kr. 800.00 til skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, en kr. 1500.00 til aðaláfrýjanda.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi Ásbjörn Magnússon greiði aðaláfrýjanda, Jóni Ingimundarsyni f. h. ófjárráða sonar hans, Halldórs Ingimundar, kr. 444.95 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags. Svo greiði hann og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 2420.00, þar af kr. 120.00 til ríkissjóðs, kr. 800.00 til

skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Björns Halldórssonar héraðsdómslögmanns, og kr. 1500.00 til aðaláfrýjanda.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. maí 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 29. f. m., hefur stefnandi, Jón Ingimundarson verkamaður, Gránufélagsgötu 57 Akureyri, f. h. ólögráða sonar sins, Halldórs Ingimundar Jónssonar, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu útgefinni 6. des. f. á. og birtri 7. s. m. á hendur stefnda Ásbirni Magnússyni bifreiðarstjóra, Akureyri, og gerir þær kröfur fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir tjón af völdum bifreiðarslyss, kr. 13 458.25 auk 6% ársvaxta frá 13. okt. s. l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi fékk gjafsókn í málinu 18. des. f. á. og hefur krafizt þess, að málskostnaður verði tildæmdur, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara er kröfum stefnanda mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum og krafizt lækkunar skaðabóta miðað við sök drengsins sjálfs á slysinu.

Slys þetta vildi til framan við suðurhlið sláturhúss Kaupfélags Eyfirðinga á Oddeyri 26. sept. 1945 um kl. 5 síðdegis. Stefndi ók bifreið sinni A 55, sem er leigubifreið til mannflutninga, austur með suðurhlið nefnds sláturhúss með þrjá farþega á leið niður að bryggju þar í grennd. Suðurhlið hússins er 25 m að lengd og eru fernar dyr á hliðinni. Engin gangstétt er meðfram húsinu. Um leið og stefndi ók fram hjá húsinu, hljóp drengur út um þriðju dyr hússins, talið vestan frá, lenti á bifreiðinni og fótbrotnaði. Drengur þessi reyndist vera Halldór Ingimundur Jónsson, 9 ára gamall, fæddur 9. sept. 1936.

Stefndi ók drengnum á sjúkrahús og var fótur hans röntgenmyndaður, settur í gibsumbúðir og drengurinn síðan fluttur heim til sín. Hafði drengurinn fengið þverbrot á báðum pípum vinstra fótleggs, 4 cm fyrir ofan ökla. Drengurinn hafði miklar kvalir og að kvöldi næsta dags var hann fluttur í sjúkrahús á ný og önnur röntgenmynd tekin. Sýndi myndin enga styttingu á fótlegg og góða afstöðu beinendanna. Var drengurinn síðan fluttur heim á ný og lá í gibsumbúðum í heimahúsum um 7 vikna skeið. Að þeim tíma liðnum voru umbúðirnar teknar, og lá drengurinn nokkra daga umbúðalaus í rúminu. Þrjár næstu vikur var hann innanhúss, án þess að ganga stiga. Þá fór hann að fara út, gekk við staf og var mikið

haltur. Um miðjan janúar fór hann að ganga í skóla, en batnaði ekki.

15. marz var tekin mynd af brotstaðnum og kom þá í ljós, að sköflungsbrotið var ekki fullgróið sökum ófullnægjandi kölkunar. Var drengurinn þá aftur settur í gibsumbúðir og lá í þeim um 10 vikna skeið í heimahúsum eða til 1. júní. Var brotið þá rannsakað á ný og virtist fullgróið. Batnaði honum síðan smátt og smátt, en stefnandi telur hann enn ekki lausan við helti 13. okt. 1946, er sátta-kæra var rituð.

Tjón það, er stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna slyssins nemur upphæð þeirri, sem stefnt er fyrir. Telur hann stefnda eiga sök á slysinu og byggir kröfu sína á hendur honum á því.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að slysið hafi borið að með þeim hætti, að hann hafi enga sök á því átt og því hefði ekki orðið afstýrt, þrátt fyrir það að bifreið hans var í fullu lagi og hann sýndi fulla aðgæzlu og varkárni við aksturinn. Orsök slyssins hafi einvörðungu stafað af óvarkárni drengsins. Hann hljóp út úr húsinu og lenti á hlið bifreiðarinnar, sem var að aka fram hjá á mjög hægri ferð, og bifreiðin ók ekki á hann.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að drengurinn hafi a. m. k. átt meginsök á slysinu og auk þess séu kröfuliðirnir 3—6 ýmist á engum rökum byggðir eða of háir.

Um atvik slyssins hefur þetta að öðru leyti komið fram: Stefndi hefur skýrt svo frá við lögreglurannsókn, sem fór fram um slysið, að framan við sláturhúsið, sem hann ók fram hjá, hafi staðið bifreið upp við húsið. Ók hann rétt hjá bifreiðinni á fyrsta hraðastigi með tæplega meir en 5 km hraða miðað við klst. Þegar stefndi kom fyrir bifreið þessa, sá hann að tveir drengir komu á harða hlaupum út um dyr á húsinu og hljóp annar drengjanna, sá, sem á undan var, á bifreið stefnda og féll við á götuna. Stefndi stöðvaði bifreiðina þegar og var framhluti bifreiðar hans þá kominn austur fyrir dyrnar, en drengurinn lá vinstra megin við hana aftarlega. Álitur stefndi, að drengurinn hafi lent á hlið bifreiðarinnar milli hjólanna. Ekki gat stefndi um það sagt, hvort afturhjól bifreiðarinnar hafi farið yfir drenginn, en telur það ólíklegt. Þurrétt var um og sáust því ekki för. Stefndi gaf ekki hljóðmerki um leið og hann fór fram hjá bifreiðinni. Hann kvaðst ekki hafa haft ráðrúm til að beygja til hægri, vegna þess hve brátt drenginn bar að.

Vitnið Ragnar Jónsson, sem var farþegi í bifreiðinni og sat í aftursæti hægra megin, telur, að bifreiðin hafi ekið mjög hægt og heldur, að drengurinn hafi lent á henni móts við vinstra framhjól eða nálægt því og hafi eftir slysið legið móts við afturhurðina. Vitni þetta álitur, að hjól bifreiðarinnar hafi ekki farið yfir drenginn. Vitnið segir, að bifreiðinni hafi verið hemlað snögglega og numið staðar svo að segja um leið, en telur þó að hún hafi runnið 2—3 m eftir að þeir urðu drengsins varir, en ekki hafi hún farið

það allt á hemluðum hjólum. Bifreiðin var á móts við dyrnar, sem drengurinn fór út um, þegar hún hafi numið staðar.

Vitnið Pálmi Sigmundsson var einnig farþegi í bifreiðinni, en mundi óljóst eftir atvikum slyssins. Hann telur þó, að bifreiðin hafi strax numið staðar, þegar henni var hemlað og varð ekki var við, að hún færi yfir drenginn. Vitni þetta taldi, að bifreiðin hefði verið með venjulegum hraða, en fylgdist þó litt með því. Einnig minnti þetta vitni, að drengurinn hefði legið móts við afturhurð bifreiðarinnar eftir slysið.

Vitnið Ríkarður Jónsson gaf skýrslu um málið fyrir bæjarþingi. Hann var einnig farþegi í bifreiðinni og sat í aftursæti. Hann sá drenginn fyrst í sömu andrá og hann lenti á bifreiðinni. Hann álitur, að drengurinn hafi hlaupið út á götuna fyrir framan bifreið, sem bar á milli sláturhússins og bifreiðarinnar, sem vitnið sat í og lenti á miðri bifreiðinni. Vitni þetta telur, að bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt. Hann segir, að þeir þrír farþegar, sem voru í bifreiðinni, hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið, og sjálfur kveðst vitnið hafa haft fulla dómgreind.

Vitnið Ingólfur Árnason kveðst hafa staðið við dyr þær, sem drengurinn kom um, þegar slysið varð. Hann skýrir svo frá, að bifreið stefnda hafi ekið nálægt kyrrstæðu bifreiðinni og með venjulegum hraða, þ. e. þeim hraða, sem venjulega er ekið um götur bæjarins. Hann segir, að drengurinn hafi orðið hræddur við drukkinn mann og hlaupið út úr húsinu og lent á framhjól bifreiðarinnar, en sá ekki hvort hjólið fór yfir hann. Drengurinn var móts við afturhurð bifreiðarinnar, þegar hann var tekinn upp, og var þá bifreiðin numin staðar. Vitni þetta telur, að bifreið stefnda hafi verið komin fram hjá kyrrstæðu bifreiðinni, þegar drengurinn hljóp út úr dyrunum.

Framburður stefnda og tveggja vitnanna, sem í bifreiðinni voru, eru ósamhljóða framburði síðastgreinds vitnis um hraða bifreiðarinnar, en vitni þetta virtist hafa haft góða aðstöðu til að fylgjast með því sem gerðist. Stefndi ók nærri húsinu og fram hjá kyrrstæðri bifreið og var því sérstök ástæða til varfærni af hans hendi vegna umgangs um dyr hússins, þar sem engin gangstétt var meðfram því. Ekki þykir full sönnun fyrir því, að stefndi hafi ekið mjög hægt, sem honum bar að gera á þessum stað og að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef stefndi hefði ekið mjög hægt og í nokkuð meiri fjarlægð frá húsinu, sem full ástæða virðist hafa verið til. Hins vegar verður þó að telja, að aðalorsök slyssins megi rekja til ógætni drengsins, sem slasaðist, er hann hljóp gálauslega út á götuna. Með vísun til 1. mgr. 34. gr. bifreiðarlaganna nr. 23 1941 verður samkvæmt þessu ekki unnt að taka til greina sýknukröfu stefnda. Samkvæmt 3. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar og með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi beri $\frac{1}{2}$ hluta hennar og bótaábyrgð eftir því,

en stefnandi beri $\frac{3}{4}$ hluta sakar og beri tjón sitt sjálfur að því leyti.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Lækniskostnaður og ferðir	kr.	211.25
2. Fataskemmdir	—	47.00
3. Aukin heimilisvinna í sambandi við veikindi drengsins, vökur, snúningar, ómak, kr. 300.00 í 8 mánuði	—	2 400.00
4. Þjáningabætur til handa drengnum	—	5 000.00
5. Bætur fyrir missta sumarvinnu drengsins, sem gert er ráð fyrir, að unnið hefði fyrir sér í sveit	—	800.00
6. Bætur fyrir það, að drengurinn missti af barnaskólavist heilt skólaár. Bæturnar miðaðar við árslaun 14—15 ára unglinga	—	5 000.00

Samtals kr. 13 458.25

Kröfuliðunum 1. og 2. er ekki mótmælt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

3. kröfulið er mótmælt sem alltof háum. Stefnandi og kona hans urðu ekki fyrir atvinnutjóni af völdum slyssins. Hins vegar fer ekki hjá því, að þau hafa orðið fyrir verulegum óþægindum og mjög aukinni heimilisvinnu vegna þessa, einkum móðir drengsins, sem hafði sjö manna heimili um að sjá. Þykir eftir öllum atvikum rétt að taka lið þennan til greina með kr. 1 500.00.

4. kröfulið er mótmælt sem allt of háum og krafizt lækkunar á honum. Eins og að framan er rakið, leið drengurinn miklar þjáningar og batnaði seint. Þykja því bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 4 000.00.

5. lið er algerlega mótmælt og krafizt sýknu af honum. Þar sem hvorki er vitað með vissu, hvort drengurinn hefði farið í sveit, né þótt svo hefði verið, hvort hann hefði unnið fyrir sér, þykja mótmæli gegn kröfu þessari á rökum byggð og verður hún ekki tekin til greina.

6. kröfulið er mótmælt sem röngum og ósönnuðum og á það bent, að unnt hefði verið að kenna drengnum í heimahúsum meðan hann lá. Upplýst er, að drengurinn tafðist um einn vetur við barnaskólanámið vegna slyssins og húsakynni á heimili hans voru mjög lítilfjörleg, miðað við fjölskyldustærð, þannig að miklum erfiðleikum hefði verið bundið að kenna honum heima. Hins vegar þykir líklegt, að hann geti unnið upp skólamiðinn þau ár, sem hann enn þá er skólaskyldur, með því að honum sé aflað aukakennslu umfram barnaskóla og þurfi hann því ekki að tefjast heilan vetur við skyldunám af þessum sökum. Þykir hæfilegt að áætla kostnað við það kr. 1500.00.

Samkvæmt framanrituðu hefur tjón stefnanda vegna slyssins

numið kr. 211.25, kr. 47.00, kr. 1500.00, kr. 4000.00 og kr. 1500.00, eða samtals 7258.25 og ber stefnda að greiða $\frac{1}{3}$ hluta þess eða kr. 2419.42, ásamt 5% ársvöxtum, svo sem krafizt er í sáttakæru, frá sáttakærudegi, 13. okt. 1946, til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu þykir hæfilegt að stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til rikissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00. Málflytningslaun nefnds talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr rikissjóði.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi Ásbjörn Magnússon greiði stefnanda Jóni Ingi-mundarsyni f. h. Halldórs I. Jónssonar kr. 2419.42 ásamt 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1946 til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 620.00 í málskostnað, þar af til rikissjóðs kr. 120.00 og til skipaðs talsmanns stefnanda, Björns Halldórssonar hdl., kr. 500.00, en málflytningslaun talsmanns stefnanda að öðru leyti, kr. 700.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. marz 1948.

Nr. 107/1947. **Kjartan Sveinsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Borghildi Pétursdóttur

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson).

Skýring á 64. gr. laga nr. 3/1878.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. október 1947 gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að húseign búins verði lögð honum út eftir yfirmati því, sem fram hefur farið á eigninni. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.